

LOKASKÝRSLA

Heiti verkefnis: Vinaliðar í Sjálalandskóla

Styrkþegar: Sjálalandskóli

Verkefnisstjóri: Silja Kristjánsdóttir og Davíð Örvar Ólafsson

MARKMIÐ VERKEFNIS SAMKVÆMT UMSÓKN

Vinaliðaverkefnið er norskt að uppruna, það hefur á fáum árum náð mikilli útbreiðslu og er nú starfrækt í yfir 1000 skólum í Noregi. Vinaliðaverkefnið gengur út á að hvetja nemendur til meiri þátttöku í leikjum og afþreyingu í frímínútum og skapa betri skólaanda. Nemendur í 3.-7.bekk tilnefna bekkjarfélaga sína sem þeir treysta til að sinna vel því hlutverki að sjá um leiki sem eiga að höfða til nemenda eftir aldri í frímínútum. Kjósi þeir nemendur sem eru tilnefndir að verða vinaliða fá þeir þjálfun í að stjórna leikjum og vera jákvæðir leiðtogar. Þeir sækja námskeið á vegum verkefnisins og fara á fundi með verkefnastjórunum í skólanum. Fyrir störf sín fá þeir að launum vinaliðakort sem veitir ýmsa afslætti og þakkardag sem er nokkurskonar uppskeruhátíð. Þá er t.d. farið út að borða, í bíó og óvissuferð.

Verkefnisstjórar vinaliðaverkefnisins hjá Árskóla sjá um að halda árlega námskeið fyrir starfsfólk og nemendur sem eru vinaliðar. Meginmarkmið verkefnisins er að efla vináttu, virðingu og ánægju nemenda. Þá er markmiðið að bjóða uppá skipulagða leiki í frímínútum sem vinaliðarnir stjórna og passa uppá að bjóða öllum að vera með. Leikirnir þurfa að hentar öllum nemendum óháð atgervi þeirra og stöðu, vera fjölbreyttir og til þess fallnir að allir sem vilja geta verið með. Við horfum sérstakleg til nemenda með sérþarfir og þeirra sem eiga í félagslegum erfiðleikum. Þannig fá allir tækifæri til að ganga að vísum leikjum með félögum í frímínútum.

LEIÐIR SEM FARNAR VORU TIL AÐ NÁ MARKMIÐUM Þ.E. FRAMKVÆMD, TÍMAPLAN OG UMFANG VERKEFNIS

Vinaliðaverkefnið í Sjálalandskóla hófst í 12. janúar 2016 þegar verkefnastjórar verkefnisins á Íslandi, þeir Gestur Sigurjónsson og Guðjón Örn Jóhannsson úr Árskóla komu í heimsókn í skólann og kynntu vinaliðaverkefnið fyrir starfsfólki Sjálalandskóla á kennarafundi. Í kjölfar þess fundar funduðu þeir með verkefnastjórum Sjálalandskóla, Davíð og Silju, og hjálpuðu þeim að undirbúa innleiðingu verkefnisins.

25. janúar fóru Davíð og Silja um skólann og kynntu verkefnið fyrir nemendum í 1.-7. bekk og nemendur í 3.-7. bekk tilnefndu þá sem þeir treystu til að sinna þessu verkefni vel. Verkefnastjórnir fóru yfir tilnefningarnar og ráðfærðu sig við kennara áður en haft var samband við foreldra þeirra nemenda sem komust að í hlutverk vinaliða. Foreldrarnir fengu það hlutverk að ræða við börnin sín um það hvort að þau treystu sér til að vera vinaliðar og taka að sér þá ábyrgð sem hlutverkinu fylgir.

1. febrúar funduðu nýjir vinaliðar í Sjálalandskóla og verkefnastjórnir og gerð voru drög að fyrsta vikuskipulaginu. Sömu viku fóru vinaliðarnir ásamt verkefnastjórum á leikjanámskeið ásamt vinaliðum í Kársnesskóla með þeim Gesti og Guðjóni úr Árskóla. Þar lærðu vinaliðarnir fullt af leikjum, fengu fræðslu um hlutverk sitt sem vinaliði og upplýsingar um hvernig bregðast á við óvæntum aðstæðum.

Eftir það rúllaði verkefnið af stað fyrir alvöru í Sjálalandskóla og vinaliðar úr 3.-7. bekk skiptust á að skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum 4 daga vikunnar. Skipulagið var þannig að hver vinaliði starfaði 2 frímínútur í viku, en verkefnið var í hádegisfrímínútum. Þá fóru vinaliðar á fundi aðra hverja viku með verkefnastjórum skólans, auk þess sem verkefnastjórnir skiptust á að vera í gæslu í hádeginu þannig að vinaliðarnir ættu greiðan aðgang að þeim.

Í lok annar fengu vinaliðarnir þakkardag frá skólanum fyrir störf sín, en þá var farið í klifur í Björkinni í Hafnarfirði, út að borða á pizzastað og loks í Risann, fótboltahús FH. Deginum lauk svo með þökkum frá skólastjórnendum sem tóku á móti vinaliðunum með íspinnum þegar þeir kom aftur í skólann.

HINDRANIR OG FRÁVIK FRÁ UPPHAFLEGRI ÁÆTLUN

Það var ýmislegt sem verkefnastjórnir ráku sig á á þessari önn sem betur má fara. Sumt var smávægilegt eins og staðsetning á áhaldageymslu, tímasetningar og þess háttar. Þá reyndist skólalóðin nokkuð erfið á köflum, en eftir því sem á leið gekk betur að finna skjólsæla staði til að fara í leiki. Stærsta frávikið var hins vegar allur sá tími sem verkefnastjórnir þurftu að nota í verkefnið, en til þess að hægt væri að fylgja verkefninu vel eftir og fá út úr því það sem lagt var upp með, það er að segja að skapa góðan skólabrag í frímínútum og bjóða upp á fjölbreytta leiki sem hentuðu öllum nemendum skólans, þurfti að eyða mun meiri tíma í verkefnið en í upphafi hafði verið haldið. Þetta átti sérstaklega við fyrst þar sem oft reyndist erfitt að skipuleggja leiki langt fram í tímann vegna veðurs. Þegar líða fór á vorið urðu vinaliðarnir sjálfstæðari, öruggari og verkefnastjórnir þurftu ekki alltaf að vera á vaktinni.

MAT Á VERKEFNINU

Verkefnið hefur tekist einstaklega vel og hentar vel í skólastarfi Sjálalandskóla. Skólalóðin hefur lifnað við í frímínútum og gaman að sjá nemendur sækjast í að fara út í leiki. Það þykir eftirsóknarvert að vera vinaliði og nemendur sækjast eftir því. Tímar verkefnisstjóra voru mun fleiri en ráðgert hafði verið í upphafi.

RÁÐSTÖFUN STYRKIS Þ.E:

Heildarupphæð styrks: 835.000

Laun	453.750
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	700.000
Gögn	0

AFRAKSTUR, ÁVINNINGUR FYRIR SKÓLASTARF OG KYNNING

Afrakstur verkefnisins er að afar góður bragur er í frímínútum í Sjálalandskóla. Vinaliðarnir eru áberandi í gulum vestum merktum verkefninu og þannig vita þeir sem vilja fara í leiki hvert þeir eiga að fara. Vinaliðarnir eru líka

duglegir að fylgjast með og bjóða þeim sem eru einir að koma og vera með. Árekstrar í leikjum á skólalóðinni eru mun færri að mati nemenda og það þykir eftirsóknarvert að fá að vera vinaliði.

Það er von verkefnastjóranna að verkefnið fá að vaxa og eflast í Sjálandsskóla og að það verði stór og áberandi hluti af skólamenningu Sjálandsskóla.